



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps í Végarði **24. september 2021 kl. 16:30.**

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Skipulags- og matslýsing f. íbúðarkjarna í landi Hjarðarbóls.

Fundarmenn hafa kynnt sér skipulagslýsinguna og þær athugasemdir sem fram hafa komið. Nefndarmenn sjá fyrir sér að þarna verði íbúðarbyggð án annarar starfsemi en þeirri sem hefðbundin er innan slíkrar byggðar og þjónar íbúum. Sveitarstjórn mun væntanlega setja reglur um dýrahald innan svæðisins þegar fram í sækir og ástæða þykir til. Enn ríkir óvissa um eignarhald á Hjarðarbóli og meðan svo er kann það að hafa áhrif á hvernig framvindu á skipulagsvinnu verður háttáð. Við framhald málsins verða það sveitarstjórn í samráði við skipulagsnefnd sem hafa umsjón með framvindunni. Síðan gefst aðilum utan sveitarstjórnar og skipulagsnefndar færi á að koma með ábendingar og athugasemdir þegar skipulagsvinnan fer í formlega kynningu eins og skipulagslög og reglugerð gera ráð fyrir. Að öðru leyti gerir B&S ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna

2. Göngubrýr yfir Hengifossá.

Lagðir fyrir uppdrættir af tveimur göngubrúum yfir Hengifossá. Neðri brúin er rétt ofan við bílastæðið 14 m löng, 1,6 m á breidd og með 1,0 m háu handriði. Sú efri er í gilinu neðan við fossinn 16,5 m löng, 1,6 m breið og með 1,2 m háu handriði. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir göngubrúnum.

3. Droplaugarstaðir.

Lagðir fram leiðréttir og endanlegir uppdrættir af forstofubyggingu norðan við íbúðarhúsið á Droplaugarstöðum. Brúttó flatarmál 20,3 m², brúttó rúmmál 71,5 m³. Málið var áður tekið fyrir á fundi 19. júní 2020. Byggingarfulltrúa falið að koma málinu í viðeignadi farveg og skráningu.

4. Gistihús við Óbyggðasafnið á Egilsstöðum.

Kynntar grunnmyndir af fyrirhuguðu gistihúsi við Óbyggðasafnið. Neðri hæðin er 209 m² með átta herbergjum og sú efri 192 m² með sex herbergjum og setustofu. Lyfta er í húsinu og skábraut að utan inná efri hæð. Byggingar- og skipulagsnefnd telur að framlagðar grunnmyndir fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar um fyrirhugaða byggingu.

5. Umsókn um starfsleyfi innan Fljótshrepps.

Hörður Guðmundsson leggur fram meistarabréf í húsasmíði, sem var útgefið af lögreglustjóranum á Seyðisfirði 1992. Hann sækir um að stunda starfsgein sína innan Fljótshrepps. Bygginga- og skipulagsnefnd samþykkir að veita umbeðið starfsleyfi.



6. Önnur mál.

Óformlegar umræður fóru fram um lögfræðiálit Kristins Bjarnasonar lögmanns sveitarfélagsins um bréf Minjavarðar Austurlands dags. 14.07 2021. Í lið nr. 2 í fundargerðinni frá 27. ágúst sl. komu fram efasemdir okkar um hvort 5. gr. í reglugerð nr. 620/2019 hafi fullnægjandi lagastoð. Álit Kristins barst rétt fyrir fundinn og því ekki fyllilega krufið til mergjar. En í samantekt álots K.B. segir: *Ekki verður annað séð en 5. gr. reglna nr. 620/2019 setji viðbótarskyldur á byggingarfulltrúa og sveitarfélög við málsmeðferð um útgáfu byggingarleyfa og að mínu mati má draga í efa að setning þessa ákvæðis eigi sér næga stoð í lögum.*

Kynnt kostnaðaráætlun frá verkfræðistofunni VERKÍS um endurbætur og stækkun á rotþró á frárennsli skólps frá Végarði og gistiheimilinu. Núverandi rotþró annar ekki því álagi sem er til staðar og brýnt að ráðast í úrbætur. Rætt um að heppilegast sé að koma nýrri rotþró fyrir neðan vegar þó svo að því fylgi nokkur kostnaðarauki.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00
Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir,
Jón Þór Þorvarðarson.
Fundarritari:Sveinn Þórarinsson.